

## REGLUR

### um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um evrópska langtímafjárfestingarsjóði og rekstraraðila þeirra sem hafa staðfestu eða eru markaðssettir hér á landi samkvæmt lögum nr. 115/2022 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði. Reglurnar mæla fyrir um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, eins og henni hefur verið breytt með reglugerð (ESB) 2023/606.

2. gr.

*Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2759 frá 19. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvenær afleiður verða notaðar einungis til að verja gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, kröfurnar fyrir innlausnarstefnu og lausafjárstyringartæki evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, aðstæður fyrir pörun beiðna um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, tiltekin viðmið fyrir ráðstöfun eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og tilteknir þættir við birtingu upplýsinga um kostnað, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 136/2025 frá 13. júní 2025](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 17 frá 19. mars 2026, bls. 570-587](#).

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 115/2022, öðlast þegar gildi.

*Seðlabanka Íslands, 10. apríl 2026.*

**Björk Sigurgísladóttir**  
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits.

**Linda Kolbrún Björgvinsdóttir**  
framkvæmdastjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 28. apríl 2026